

Fimmtudaginn 23. mars 1995.

Nr. 240/1993.

Naust hf.

(Gunnar Sólnes hrl.)

gegn

Radíóbúðinni hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Lausafjárkaup. Verslunarkaup. Vanreifun. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Hrafn Bragason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1993 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að höfuðstóll samkvæmt dómsorði héraðsdóms lækki í 753.033 krónur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál samkvæmt XX. kafla þá-gildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988, en var vikið til almennrar meðferðar, er tekið var til varna í því af hálfu stefnda.

Tildrögum málsins er lýst þannig í stefnu:

„Skuldin er samkvæmt fram lögðum ljósritum af 11 reikningsnótum stefnanda. Stefnandi rekur smásöluverslun í Reykjavík, og er skuldin til komin vegna úttekta stefnda á ýmiss konar vörum í desember 1989, nánar þannig:

Samtals er um að ræða 11 nótur, samtals að fjárhæð 963.048 kr., sem er stefnufjárhæðin. . . .“

Í yfirheyrslu við aðalmeðferð málsins kom fram, að um heildsöluviðskipti var að ræða, og fóru viðskiptin samkvæmt nefndum reikningum öll fram í desember 1989.

Áfrýjandi krafðist í héraði sýknu og reisti kröfuna á því, að skuldaskilum sínum við stefnanda væri að fullu lokið. Eftir að greinargerð hans var komin fram, lagði stefnandi fram 14 reikninga

til viðbótar þeim 11, sem áður voru fram komnir. Taka þeir til viðskipta aðila frá janúar 1989 og fram í desember sama ár. Jafnframt voru þá lagðir fram tveir kreditreikningar.

Meðal gagna, sem áfrýjandi lagði fram með greinargerð sinni í héraði, voru þrír listar, dagsettir 4. nóvember 1991, 21. maí 1992 og 29. september sama ár. Bera þeir yfirskriftina Listi Radióbúðarinnar hf. yfir óuppgerða reikninga Radiónausts hf. v/1988 og 1989. Á listum þessum koma fram fjárhæðir allra fram lagðra reikninga, dagsetningar þeirra og reikningsnúmer. Listarnir bera einnig með sér, að áfrýjandi hafi verið í skuld við stefnanda 1. janúar 1989. Á listana eru og færðar innborganir áfrýjanda og á hina seinni tvo leiðréttingar til lækkunar á skuld áfrýjanda, sem gerðar höfðu verið 21. maí 1992.

Prátt fyrir framlagningu þessara gagna breytti stefnandi ekki fjárhæð kröfu sinnar til samræmis við þau nema að því leyti, að frá var dregin innborgun 4. júní 1992, að fjárhæð 257.446 krónur, sem aðilar eru nú sammála um, að sé óviðkomandi þeim kröfum, sem um er deilt í málinu. Samkvæmt því einskorðaðist kröfugerð stefnanda í héraði og reifun hennar við þá 11 reikninga, er upphaflega voru lagðir fram. Úr þessari gölluðu málsmeðferð var ekki bætt fyrr en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, en þá var kröfugerðinni breytt til samræmis við hinn yngsta nefndra lista og hún jafnframt skilmerkilega rökstudd. Er niðurstöðutala reikningsyfirlits á þessum lista fjárhæð dómkjöfu stefnda fyrir Hæstarétti. Með þessum síðbúnu endurbótum er málið komið í það horf að geta talist tækt til efnisdóms, þó að undanskildum þeim hluta kröfufjárhæðar, sem sagður er hafa verið skuld áfrýjanda í árslok 1988. Þykir við svo búið mega dæma málið að öðru leyti að efni til.

Listi stefnda yfir „óuppgerða reikninga“, sem endanleg kröfugerð hans byggist á, er efnislega þannig:

Dags.	Reikn-nr.		Debet	Kredit
		Staða 1. 1. 1989	233.466	
4. jan.	65429		10.276	
19. jan.	66300		21.532	
23. jan.	68197		46.252	
2. mars	68466		47.938	

9. mars	68808		7.648
29. maí	5231	121.550	
15. júní	6791	101.322	
5. júní	6871	119.260	
24. nóv.	17201	74.007	
5. des.	17970	42.731	
6. des.	18053	101.593	
6. des.	18036	69.449	
6. des.	18012	97.041	
6. des.	18013	63.118	
11. des.	18505	16.302	
11. des.	18513	178.778	
13. des.	18680	61.265	
14. des.	18812	115.041	
15. des.	18944	360.993	
15. des.	6487	186.320	
19. des.	19509	324.417	
20. des.	19715	63.312	
22. des.	20241	214.092	
23. des.	21061	31.410	
29. des.	21371		150.645
22. des.	20277	48.591	
22. des.	20278	2.840	
	Innb. 1990 v/1989		500.000
	Innb. 1990 v/1989		400.000
	Innb. 1990 v/1989		400.000
	Innb. 1990 v/1989		328.696
21. maí	Leiðrétting		108.440
21. maí	Leiðrétting		18.470
21. maí	Leiðrétting		67.402
21. maí	Leiðrétting		18.562
	Mismunur		753.033
	Samtals	2.752.896	2.752.896
	Skuld	753.033	

Meðal gagna málsins er bréf stefnda til áfrýjanda frá 22. maí 1992,

þar sem gerð er grein fyrir ofanskráðum leiðréttingum. Gefur efni bréfsins til kynna, að viðræður hafi farið fram milli aðila um ágreining um skuldaskil áfrýjanda. Ekki verður séð, að viðbrögð af hálfu áfrýjanda hafi komið fram við efni þessa bréfs. Önnur skjöl liggja ekki frammi í málinu um ágreining aðila, og engin skjalfest mótmæli hafa komið fram af hálfu áfrýjanda við gögnum málsins um skuld hans við stefnda, þegar frá eru talin mótmæli, sem fram koma í greinargerð hans í héraði. Er ekki við annað að styðjast í því efni en framburð vitnisins Jóhanns Sveins Einarssonar, sem greinir frá í héraðsdómi. Að vísu er vitnað í símtal við Óla Laxdal, starfsmann stefnda, og vísu einnig að því í héraðsdómi, en framburðar hans nýtur ekki í málinu. Áfrýjandi hefur ekki synjað fyrir að hafa fengið í hendur alla þá reikninga, sem lagðir hafa verið fram í málinu af hálfu stefnda.

Með skírskotun til þessa verður ekki fallist á það með áfrýjanda, að viðhlítandi mótbárur hafi komið fram af hans hálfu við reikningunum. Að því virtu og með hliðsjón af reglu 6. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup ber að taka til greina skuldareftirstöðvar samkvæmt ofangreindum lista að frádregnum 233.466 krónum, sem áfrýjanda eru þar taldar til skuldar vegna viðskipta frá því fyrir 1. janúar 1989. Engin gögn voru lögð fram í héraði fyrir þeirri skuld. Það var ekki fyrr en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að lagður var fram reikningur, dagsettur 17. desember 1988, sem sönnunargagn fyrir henni. Honum var þá mótmælt af hálfu áfrýjanda og meðal annars bent á, að hluta fjárhæðar hans, 41.722 krónur, hafi verið búið að draga frá í fyrrnefndu bréfi frá 22. maí 1992. Var það ekki vefengt af hálfu stefnda. Að svo vöxnu máli brestur lagaskilyrði fyrir því, að þessi hluti endanlegrar kröfufjárhæðar stefnda geti komið til álita fyrir Hæstarétti, og verður honum því vísað sjálfkrafa frá dómi.

Samkvæmt því verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 519.567 krónur (753.033 – 233.466) með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir, en vaxtakröfu stefnda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega.

Vegna hins gallaða málalíbúnaðar, sem að framan er lýst, þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður. Áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Rétt er, að fram komi, að lögmaður stefnda fyrir Hæstarétti flutti ekki málið í héraði.

Það athugast, að höfuðstóll í dómsorði héraðsdóms er annar en kveðið er á um í forsendum dómsins.

D ó m s o r ð:

Framangreindum kröfuhluta, að fjárhæð 233.466 krónur, er vísað frá héraði.

Áfrýjandi, Naust hf., greiði stefnda, Radíóbúðinni hf., 519.567 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1990 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði fellur niður. Áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. maí 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. apríl sl., er höfðað með stefnu, birtri 11. júní sl.

Stefnandi er Radíóbúðin hf., kt. 670670-0159, Skipholti 19, Reykjavík.

Stefndi er Naust hf., kt. 450287-1649, Glerárgötu 26, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 963.048 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1990 til greiðsludags að frádregnum 257.446 kr., sem greiddar voru 4. júní 1992. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins, og beri tildæmdur málskostnaður dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól dómkröfu á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og jafnframt verði honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

II.

Við þingfestingu máls þessa lagði stefnandi fram ljósrit 11 reikninga um úttektir stefnda á vörum hjá stefnanda í desember 1989, samtals að fjárhæð 963.048 kr., en það er stefnuþjárhæð málsins.

Er stefndi skilaði greinargerð í málinu 8. október sl., lagði hann fram gíróseðla og víxla með greiðslukvittunum, samtals að fjárhæð 1.728.696 kr.

Fyrri gírógreiðslan, 500.000 kr., var innt af hendi 11. janúar 1990 og hin síðari, 328.696 kr., 1. febrúar s. á. Er ritað á gíróseðil þennan, að um eftirstöðvar vegna vörukaupa í desember 1989 sé að ræða skv. símtali við Óla Laxdal. Fyrri víxillinn, 400.000 kr., var greiddur 5. mars s. á. og hinn síðari, 400.000 kr., 20. sama mánaðar. Heldur stefndi því fram, að hann hafi verið í fullum skilum 1. september 1989, svo sem síðar verður rakið, og að vörukaupum sínum hjá stefnanda síðari hluta sama árs hafi verið gerð skil með ofangreindum greiðslum.

Stefnandi skilaði greinargerð 19. nóvember sl. og lagði þá fram til viðbót- ar ljósrit 16 reikninga, samtals að fjárhæð 1.707.018 kr., um aðrar úttektir stefnda hjá stefnanda árið 1989 en þær, sem stefnukrafan er reist á.

Með bréfi stefnanda til stefnda 22. maí 1992 vísar hann til fram lagðra lista skv. bókum stefnanda frá 4. nóvember 1991 yfir óuppgerða reikninga og hlutainnborganir vegna þeirra. Í bréfinu kemur fram, að þar sem engar fyrirspurnir hafi borist stefnanda síðan um miðjan mars 1992, líti stefnandi svo á, að skuldastaðan sé að fullu skýrð að teknu tilliti til þeirra atriða, sem stefnandi telji þarfnast réttmætra leiðréttinga eða stefnandi falli frá vegna vafaatriða. Í lok bréfsins er þess getið, að listi með breytingum fylgi og skv. honum sé samtala ógreiddra reikninga 1.010.479 kr. og skuldin með áföllnum vöxtum samtals 1.525.356 kr. Skoraði stefnandi á stefnda að greiða skuldina þá þegar eða semja um greiðslu í síðasta lagi 4. júní 1992. Krafa þessi var ítrekuð með skeyti lögmanns stefnanda 9. júní s. á. og stefnda gefinn frestur á að greiða skuldina til 12. sama mánaðar.

Með bréfi stefnda 4. júní 1992 greiddi hann stefnanda 166.213 kr. „vegna mismunar á týndum víxli og 91.233 kr. vegna smádrasls, sem hér liggur enn, en var aldrei endursent“, eins og segir í bréfinu. Er tekið fram í bréfi þessu, að um lokagreiðslu vegna skuldar við stefnanda sé að ræða.

III.

Stefnandi kveður, að stefnda hafi verið send frumrit allra ofangreindra reikninga fyrir árið 1989, en stefnandi haldið eftir einu afriti fyrir bókhald sitt. Hafi stefndi fengið send reikningsyfirlit allan þann tíma, sem stefnandi hefur verið í viðskiptum við hann. Hafi aldrei verið gerðar bréflugar athugasemdir við yfirlitin og stefndi því sýnt af sér tómlæti með því að gera engar athugasemdir við yfirlitin fyrr en löngu eftir að þau bárust. Stefndi hafi greitt reglulega inn á skuldir sínar með ofangreindum gíróseðlum og víxlum, samtals 728.696 kr., án nokkurra athugasemda. Stefnandi hafi leitast við að fá skuldina upp gerða og svarað öllum athugasemdum stefnda, jafnóðum og þær hafi borist, löngu eftir afhendingu varanna, sbr. bréf stefnanda frá 22. maí 1992. Hafi þær athugasemdir, sem stefnandi hafi tekið

tillit til, verið leiðréttar jafnóðum á viðskiptareikningi stefnda hjá stefnanda. Hafi engar athugasemdir borist frá því í mars 1992 og stefnandi því litið þannig á, að skuldastaðan væri að fullu skýrð. Engar raunhæfar athugasemdir hafi verið gerðar við viðskiptayfirlit stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga, sbr. lög nr. 39/1922. Krafist er dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. mgr. 14. gr. s. l., sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989. Þá er málskostnaðarkrafa reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að allar kröfur stefnanda á hendur stefnda séu greiddar og þar af leiðandi sé ekki til að dreifa neinni skuld við stefnanda. Eins og fram komi hjá Jóhanni Sveini Einarssyni, fyrrverandi starfsmanni stefnanda, hafi stefndi verið í fullum skilum við stefnanda 1. september 1989. Hafi vörukaup stefnda á síðari hluta árs 1989 verið greidd þannig, að 11. janúar 1990 hafi stefndi greitt 500.000 kr. Hinn 31. janúar 1990 hafi verið gengið frá samkomulagi um greiðslu eftirstöðva skuldarinnar með þeim hætti, að stefndi hafi samþykkt tvo víxla, hvorn að fjárhæð 400.000 kr., með gjalddögum 5. mars 1990 og 20. mars s. á., en eftirstöðvar skuldarinnar, 328.696 kr., hafi verið greiddar með gíróseðli degi síðar, 1. febrúar 1990. Þegar uppgjóri þessu hafi verið lokið, virðist stefnandi hafa tekið til endurvinnslu eldri reikninga í þeim tilgangi að fá þá greidda hjá stefnda án tillits til þess, að nokkrir af reikningum þessum hafi verið stefnda óviðkomandi og allir aðrir að fullu greiddir. Telji stefndi, að stefnandi eigi enga lögvarða kröfu á hendur sér skv. almennum reglum kröfuréttar. Verði að gera þá kröfu á hendur stefnanda, að hann sanni rétt sinn á hendur stefnda, en það geri hann ekki með því að framvísa ljósriti af reikningum, sem stefndi hafi sannanlega greitt.

IV.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslu af hálfu stefnanda Valur Páll Þórðarson skrifstofustjóri og Bergljót Benónýsdóttir skrifstofumaður og af hálfu stefnda Einar Guðmundsson verslunarmaður og Bjarni Þórhallsson, gjaldkeri og bókarari. Þá gaf skýrslu í dómnum að tilhlutan stefnda Jóhann Sveinn Einarsson, fyrrverandi starfsmaður stefnanda.

Valur Páll Þórðarson kveðst hafa útbúið yfirlit af hálfu stefnanda í nóvember 1991 um skuldastöðu stefnda vegna viðskipta á árinu 1989, en neðst á því komi fram innborganir stefnda, sem væntanlega hafi verið skuldajafnað á móti elstu reikningunum. Kveðst vitnið engin viðbrögð hafa fengið við þessu yfirliti, fyrr en komið var fram yfir áramót. Þá hafi farið að berast afrit af farmbréfum og fyrirsprungir um reikninga, sem starfsmaður stefnanda,

Bergljót Benónýsdóttir, hafi svarað jafnóðum. Þegar svo ekkert hafi gerst frekar í því máli, hafi vitnið ritað bréf 22. maí 1992, þar sem lagt var til, að gengið yrði frá málinu á þeim grundvelli, sem þar segir. Þar hafi stefnandi dregið allt frá, sem hann taldi sig geta tekið til greina. Hart hafi verið lagt að stefnda að sýna fram á, að hann hefði greitt alla reikninga sína, en ekki verið sýnt fram á greiðslur af hans hálfu með bankavittunum eða öðrum kvittunum og stefnandi því talið kröfuna fullkomlega réttmæta. Kveður vitnið, að stefnda hafi verið sendir tölusettir, tölvukeyrðir reikningar, sem stefnandi hafi þurft að greiða söluskatt af.

Bergljót Benónýsdóttir kveðst hafa hafið störf í viðskiptabókhaldi stefnanda 1. október 1989. Vitnið kveður viðskipti aðila hafa farið þannig fram, að pantaðar hafi verið vörur, þær afgreiddar og gerður reikningur. Hafi afrit reiknings verið sent með vörunni, en stefnandi fengið frumritið í hendur og sent víxla eða gíróseðla með því til stefnda. Kveður vitnið, að haustið 1990 hafi legið alveg ljóst fyrir, hvernig staðan í viðskiptum aðila máls þessa var árið 1989. Kveðst vitnið margoft hafa hringt í starfsmann stefnda, Róbert Friðriksson að nafni, og sent honum ljósrít af firliti og reikningum, en eftir því sem vitnið hafi gengið harðar að honum, hafi hann orðið pirraður og að lokum neitað að tala við vitnið, sem þá hafi sett Val Pál Þórðarson í málið. Kveður vitnið aldrei hafa verið gerðar efnislegar athugasemdir við skuldina og einstaka reikninga af hálfu stefnda og fyrrnefndur Róbert einungis sagt stefnda vera búinn að greiða skuld sína.

Einar Guðmundsson kveðst hafa annast um lokauppgjör af hálfu stefnda við stefnanda vegna vörukaupa árið 1989. Kveðst vitnið hafa farið í gegnum viðskiptin símléiðis við starfsmann stefnanda, Óla Laxdal að nafni, bæði hvað varðar afslátt og vörur, sem vantað hafi. Hafi niðurstaða þannig fengið og gíróseðillinn frá 1. febrúar 1990 verið lokagreiðsla stefnda til stefnanda vegna vörukaupa umrætt ár.

Jóhann Sveinn Einarsson kveðst hafa hafið störf sem sölumaður hjá stefnanda seint á árinu 1987 og hætt þar 1. september 1989. Kveðst vitnið m. a. hafa annast afgreiðslu á vörukaupum stefnda. Hafi verið um víxilviðskipti að ræða og víxlar greiðst reglulega. Hafi viðskipti þau, sem vitnið hafi séð um, verið í fullum skilum, er vitnið lét af störfum hjá stefnanda. Vitnið kveðst hafa orðið vart við það oftast en einu sinni í starfi sínu, að vara, sem pöntuð hafi verið, hefði ekki verið til á lager og þess einungis getið á reikningsafriti, en ekki frumriti, sem lagt hefði verið til grundvallar kröfu um greiðslu. Vitnið kveðst ekki hafa séð um bókhald hjá stefnanda að öðru leyti en því að skrifa reikninga, sem það hafi afhent stúlku, er sent hafi þá út.

Bjarni Þórhallsson kveðst hafa hafið störf hjá stefnda í febrúar 1991. Kveður vitnið engar athugasemdir hafa komið frá stefnanda um, að „eitt-hvað gamalt væri til“, fyrr en sumarið 1991, en þá hafi allt farið „í hund og kött“ og öllum viðskiptum hætt um haustið það ár.

V.

Skv. reikningsljósrítum þeim, sem fyrir liggja í málinu, voru heildarviðskipti aðila máls þessa árið 1989 samtals að fjárhæð 2.670.066 kr. Stefndi hefur í máli þessu framvísað greiðslukvittunum, að fjárhæð 1.728.696 kr., vegna viðskipta þessara. Mismunurinn er því 941.370 kr. Þá greiddi stefndi sannanlega 257.446 kr. til stefnanda 9. júní 1992, sem dragast frá fyrrnefndri fjárhæð. Ósannað er gegn mótmælum stefnanda, að um lokauppgjör af stefnda hálfu hafi verið að ræða með greiðslu gíróseðils 1. febrúar 1990, að fjárhæð 328.696 kr., enda verður eigi annað ráðið af gögnum málsins en stefndi hafi sjálfur útbúið gíróseðilinn. Að þessu virtu nemur höfuðstóll skuldar stefnda við stefnanda vegna viðskiptanna 683.924 kr.

Eigi er fært gegn mótmælum stefnanda og með vísan til framburðar tveggja starfsmanna stefnanda og annarra gagna málsins að leggja til grundvallar framburð vitnisins Jóhanns Sveins Einarssonar, fyrrverandi sölumanns hjá stefnanda, að stefndi hafi verið í fullum skilum við stefnanda, er vitnið lét af störfum 1. september 1989, þar sem vitnið sá ekki um bókhald hjá stefnanda og hafði því ekki tök á að fylgjast með stöðu mála.

Skv. 6. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup er kaupandi skyldur til að gjalda það verð í verslunarkaupum, sem reikningur sá, sem honum er sendur, ber með sér, og hann mótmælir ekki því verði, sem tilgreint er í reikningnum, svo fljótt sem hann fær því við komið, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið eða reikningurinn sé bersýnilega ósanngjarn. Því hefur eigi verið andmælt af hálfu stefnda, að hann hafi fengið senda alla þá reikninga, sem lagðir hafa verið fram af hálfu stefnanda málsins, og ekki liggja fyrir af stefnda hálfu nein efnisleg mótmæli gegn þeim.

Stefnandi hefur lagt fram ofangreinda reikninga, og þykir verða að miða við það, að viðskipti aðila árið 1989 hafi numið þeirri fjárhæð, sem þeir bera með sér. Stefnda hefur ekki tekist sönnun fyrir greiðslum til stefnanda vegna ofangreindra viðskipta að öðru leyti en því, sem rakið hefur verið hér að framan.

Skv. framansögðu þykir bera að taka kröfu stefnanda til greina með því að dæma stefnda til að greiða stefnanda 941.370 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga af þeirri fjárhæð frá 10. janúar 1990 til 22. júní 1992, en af 683.924 kr. frá þeim degi til greiðsludags, en vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda. Heimilt er að leggja

dráttarvexti við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. janúar 1991.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 150.000 kr. Fallast ber á kröfu stefnanda um dráttarvexti á málskostnað, sbr. p-lið 165. gr. laga nr. 91/1991.

Dóm þennan kvað upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Naust hf., greiði stefnanda, Radíóbúðinni hf., 941.370 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 10. janúar 1990 til 22. júní 1992, en af 683.924 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. janúar 1991.
